

# Markaðssetning vöru og þjónustu

(ígildi 6 ECTS eininga) - í fjarkennslu

Námskeiðið er ætlað öllum sem starfa við sölu- og markaðssetningu á vöru og þjónustu.

**Tilgangur og markmið:** Að auka skilning þátttakenda á hlutverki faglegs markaðsstarfs innan fyrirtækja og samfélags. Veitt er yfirsýn yfir fjölbreytileika markaðsstarfsins og mikilvægi stjórnunar þess. Inntak markaðsfræðinnar er kynnt, helstu grundvallarhugtök og kenningar sem fyrirtæki og samfélög nýta sér. Áhersla er á hagnýta nálgun, svo þátttakendur geti fært sér í nyt það sem farið er í, á sínum vinnustað. Unnin eru hópverkefni þar sem unnið er að hagnýtum lausnum í markaðsstarfi íslenskra fyrirtækja. Markaðsaðstæður á Íslandi eru kynntar.

**Meðal efnis sem farið er í:** Þjónustumarkaðsfræði, markaðssetning á netinu, kynningarmál, samfélagslega ábyrg markaðssetning.

**Kennslutilhögun:** Námskeiðið er 36 kennslustundir. Kennt verður á miðvikudögum frá 14. september til 30. nóvember kl. 16:30-19:00. Kennsla fer fram í fyrirlestrum, verkefnavinnu og umræðum. Nemendum gefst tækifæri til að eiga samskipti sín á milli og við kennara á innri vef háskólans (Moodle).

**Námsmat:** Mæting í tíma (75%) sem gildir 10% og verkefni sem gilda 90%.

**Námsefni:** Kotler, Keller, Brady, Goodman og Hansen (2009). Marketing Management, Prentice Hall. Er lögð til grundvallar kennslunni. Ekki er skylda að kaupa bókina. Einnig greinar í tímaritum sem kennarar benda á.

**Kennarar:** Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor og Vera Kr. Vestmann Kristjánsdóttir, aðjúnkt við Viðskipta og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri.

**Verð:** 72.000 kr.

**Skráning:** Til 1. sept. Frekari upplýsingar á [www.unak.is/simenntun](http://www.unak.is/simenntun) og í sínum 4608090/4608091.